

Sæl öll.

Aðalfundur foreldraráðs Kvennaskólans í Reykjavík verður haldinn þriðjudaginn 20. september kl.17:00 – 18:00 í húsnæði skólans (Miðbæjarskólanum) við Fríkirkjuveg 1.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi foreldraráðs
3. Umræður um skýrslu stjórnar
4. Breytingar á starfsreglum foreldraráðs (tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn eigi síðar en 14 dögum fyrir auglýstan aðalfund)
5. Stjórnarkjör
6. Önnur mál

Nánari upplýsingar

Undir liðnum stjórnarkjör fer fram kosning fimm foreldra/forráðamanna nemenda auk tveggja varamanna. Formaður er kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi samkvæmt [starfsreglum](#) foreldraráðs.

Nýkjörin stjórn foreldraráðs tilnefnir á sínum fyrsta fundi einn áheyrnafulltrúa í skólanefnd og annan til vara. Þá er óskað eftir því að stjórn tilnefni tvo fulltrúa í forvarnarteymi skólans og tvo til vara og einn fulltrúa í innra matsteymi skólans og einn til vara.

Ég hvet foreldra nemenda í Kvennaskólanum til að mæta á aðalfund foreldraráðs. Það hittist á 4-6 vikna fresti yfir veturinn og hlutverk þess er fyrst og fremst að styðja vel og myndarlega við skólastarfið.

Með kveðju,

Þorsteinn J. fráfarandi formaður.